

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 — 1982

26. nóvember 1982.

1169

Nr. 635.

REGLUGERÐ um gjöld fyrir vörumerki o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:

- | | | |
|--|-----|--------|
| a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn | kr. | 820,00 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn | kr. | 200,00 |

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

- | | | |
|--|-----|--------|
| a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn | kr. | 820,00 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn | kr. | 200,00 |

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

- | | | |
|--|-----|----------|
| a) Grunnjald, einn vöruflokkur innifalinn | kr. | 1 400,00 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn | kr. | 200,00 |

4. gr.

Önnur gjöd eru:

- | | | |
|--|-----|--------|
| a) Innritun í vörumerkaskrá | kr. | 145,00 |
| b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá | kr. | 100,00 |
| c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athuginin nær til | kr. | 100,00 |

5. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 679, 15. desember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

B 147